

Litabók

um tanndísina og skemmdaskrímslin



Upphaflega gefin út af danska tannlæknafélaginu 1999
Titill á frummáli: Malebog med Tandfeen og Tandtrolden
Teikningar: Tina Brinch

Gefin út í íslenskri þýðingu af Tannverndarráði
með leyfi danska Tannlæknafélagsins
Prentvinnsla: Litotryk København a/s

Helga Ágústsdóttir þýddi

1. útgáfa 2005


2. útgáfa 2007

Upplag 10.000 eintök



LÝÐHEILSUSTÖÐ

www.lydheilsustod.is



Litabók

um tanndísina og skemmdaskrímslin






Það er laugardagskvöld. Lovísa situr í stofunni með mömmu sinni og pabba. Þau eiga notalega stund fyrir framan sjónvarpið og eru með stóra nammiskál fyrir framan sig.



Lovísa er að borða karamellu. Allt í einu finnur hún að ein tönnin hefur losnað.



Hún hleypur inn á baðherbergi og lítur í
spegilinn. Jú, ein tönnin hefur losnað, hugsar
hún með sér.




Lovísa hugsar: Ef allar tennurnar mínar detta
hvort eð er, þá er engin ástæða til að bursta þær.



Lovísa býður mömmu sinni og pabba góða nótt og fær leyfi til að bursta sjálf tennurnar sínar í kvöld. En hún lætur nægja að fara í náttfötin sín og fara beint í rúmið.



Þegar Lovísa er sofnuð kemur tanndísinn. Hún kemur á hverju kvöldi og býður Lovísu hljóðlega góða nótt.



Þegar tannðísín kemur inn á baðherbergið sér hún að eitthvað er að. Tannburstinn hennar Lovísu er alveg þurr því hún hafði ekki burstað tennurnar sínar.



Tanndísín kíkir í kristalskúluna sína. Hún sér í henni að skemmdaskrímslin munu koma og höggva holur í tennurnar hennar Lovísu í nótt.



Tanndísín þarf að grípa til sinna ráða. Hún notar töfraduftið sitt, svo að Lovísu dreymi um skemmdaskrímslin.



Lovísu dreymir að skemmdaskrímslin höggvi og
bori í tennurnar hennar.
Þetta er hræðilegur draumur!



Hún verður svo hrædd að hún vaknar og kallar á mömmu sína. Mamma hennar kemur hlaupandi til að hugga Lovísu.



Lovísa segir mömmu frá draumnum og skemmdaskrímslunum. Hún fer að gráta og segir mömmu frá því að hún sleppti því að bursta tennurnar fyrir svefninn. Mamma er fegin að Lovísa skuli segja henni frá þessu.



Mamma og Lovísa verða sammála um að best sé að hreinsa tennurnar vel. Þær fara saman á baðherbergið og mamma burstar tennur Lovísu vandlega.



Svo les mamma fallega kvöldsögu og Lovísa gleymir ljótu skemmdaskrímslunum.



Á meðan Lovísa sefur flýgur tanndísinn áfram um bæinn, því hún þarf að heimsækja öll börnin meðan enn er nótt.

Við verðum að passa tennurnar okkar vel. Þær hafa mörgum mikilvægum hlutverkum að gegna. Með þeim tyggjum við matinn okkar og þær hjálpa okkur að mynda hljóð þegar við tölum. Auk þess gera þær okkur falleg þegar við brosum.

Þessi litabók fjallar um litlu stúlkuna hana Lovísu, tanndísina sem passar tennurnar okkar og skemmdaskrímslin. Skemmdaskrímslin eru nú ljótu karlamir. Ef við burstum ekki tennurnar okkar kvölds og morgna þá höggva þeir og bora í þær holur. Tanndísinn flýgur um á nóttunni og skoðar litlu barnatennurnar sem hafa losnað. Hún gerir líka allt sem hún getur til að fá börnin til að burstu tennurnar kvölds og morgna svo að skemmdaskrímslin komist ekki í þær. En það er ekki alltaf svo auðvelt!

